

Forsendur fyrir verndun, viðföng og viðmið:

Háhitasvæði með miklum yfirborðsummerkjum, hverum og laugum. Miklar útfellingar, stórir og öflugir hverir. Stórbrotnar jarðminjar. Gígar, gígaraðir og hraun sem frá þeim hafa runnið eru áberandi í landslagi. Góðar opnur í bólstrabergshryggi. Birkiskógur við jaðar útbreiðslusvæðis

Viðföng

	Jarðmyndanir	Vatnafar	Plöntur	Dýr	Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Landslag	Viðerni	Menningar- og sögumínjar
Almenn viðmið								
Sjaldgæfar tegundir eða tegundir í útrýmingarhættu. Fágætar náttúruminjar	•		•					
Óvenju tegundarík svæði eða viðkvæm fyrir röskun. Sérlega fjölbreyttar náttúruminjar	•					•		
Viðhald sterkra stofna eða náttúrulegra þróunarferla. Samfelldar, heildstæðar eða óraskaðar náttúruminjar	•				•	•	•	
Alþjóðlegt náttúruverndargildi. Alþjóðleg ábyrgð								
Vísinda-, félags-, efnahags- eða menningarlegt gildi	•	•						
Einkennandi fyrir náttúrufar viðkomandi landshluta	•	•					•	
Sjónrænt gildi	•	•				•		

Sérstök ákvæði sbr. 37. og 39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd

Eldvörp, gervigigar, eldhraun	•	Stöðuvötn og tjarnir, $\geq 1000 \text{ m}^2$		Náttúrulegir birkiskógar
Fossar	•	Mýrar og flóar, $\geq 3 \text{ ha}$		Skógar til útivistar
Hverir og heitar uppsprettur, hrúður og hrúðurbreiður	•	Sjávarfitjar og leirur		

Jarðfræði ¹ :	Eldstöð	Kverkfjöll eru virk megineldstöð og sérstök fyrir margar sakir. Hún er í jaðri Vatnajökuls sem hefur haft mikil áhrif á myndun og mótun landsins.
	Eldvirkni	Mikil eldvirkni, hraun og gígar.
	Jarðhiti	Öflugt jarðhitasvæði, það sem liggur hæst á landinu. Kalkútfellingar í Hveragili og Laugarvalladal en þær eru fremur sjaldgæfar.
	Jökulminjar	Jöklar hafa rofið opnur í bólstrabergshryggi í giljum í austanverðri eldstöðinni. Íshellir í sporði Kverkjökuls, jökulgarðar. Ummerki um stór hlaup eru á söndunum norðan Kverkfjalla að Vaðöldu.
Landslag ^{1,3} :		Stórbrotið landslag með virkum eldstöðvum. Gígar og gígaraðir áberandi, hraun og jökull, ásamt stórum ám og söndum..
Plöntur ² :	Birki	Í Laugarvalladal eru litlar kjarrleifar í yfir 500 m hæð langt inn til landsins. Við jaðar útbreiðslusvæðis birkis til fjalla á Austurlandi.
Menning:	Saga	Í Laugavalladal var búið fram til 1906 en þar er nú gangnamannakofi.
Aðrar skrár		Hverir og laugar - Ölkeldur og Kaldavermsi ⁴ .

Heimildir:

¹ Helgi Torfason og Ingvar Atli Sigurðsson. 2002.

² Þróstur Eysteinnsson. 2002.

³ Náttúruverndarráð. 1996a.

⁴ Sigurður Þórarinnsson. 1978.